

# Tryggingamiðstöðin hf.

## Aðalfundur 2015

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðast liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillögur til ákvörðunar um lækkun hlutafjár og heimild til kaupa á eigin hlutum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, 19. gr. þeirra, þannig að fjöldi varamanna í stjórn félagsins verði tveir í stað fimm.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
10. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á [tm.is/fjarfestar](http://tm.is/fjarfestar). Rafrænt umboð skal sent félaginu á [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með 11. mars 2015, en fyrir lokun skrifstofu þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins, [tm.is/fjarfestar](http://tm.is/fjarfestar).

Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins. Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests á [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is).

Dagskrá aðalfundar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á [tm.is/fjarfestar](http://tm.is/fjarfestar). Þá mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrslur stjórnar og endurskoðenda auk tillögu stjórnar um starfskjarastefnu liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

